

**Ed.**

**57. Frumvarp til laga**

**[51. mál]**

um hreppstjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Hreppstjóri skal vera einn í hverjum hreppi.

2. gr.

Þá er starf hreppstjóra losnar, skal sýslunefnd kjósa hlutbundinni kosningu, ef óskað er, þrjá íbúa í hlutaðeigandi hreppi til hreppstjórastarfs, og skipar sýslumaður einn þeirra hreppstjóra.

3. gr.

Engan má skipa hreppstjóra nema hann uppfylli eftirtalin skilyrði:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt stöðunni.
2. Sé 21 árs að aldri.
3. Sé lögráða og hafi forræði á fé sínu.
4. Sá íslenzkur ríkisborgari.

4. gr.

Nú uppfyllir hreppstjóri eigi lengur skilyrði 3. gr., og skal sýslumaður þá leysa hann frá störfum. Enn fremur skal sýslumaður leysa hreppstjóra frá störfum, ef hann flytzt brott úr hreppnum.

Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, skal heimilt að ákveða aldurshámark fyrir hreppstjóra, að fenginni umsögn sýslunefnda þar um.

5. gr.

Nú losnar starf hreppstjóra og sýslunefnd hefur eigi gert tillögur samkvæmt 2. gr. Skal sýslumaður þá setja einhvern þann, sem uppfyllir skilyrði 3. gr. sbr. 4. gr., til að gegna starfinu. Á sama hátt getur sýslumaður sett mann til að gegna hreppstjórastarfi um stundarsakir í forföllum hreppstjóra eða til að fara með einstök mál, sem hreppstjóri má eigi fara með.

6. gr.

Hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanns, hver í sínum hreppi. Fara þeir með lögregluvald, annast innheimtu opinberra gjalda, fógetagerðir og fleiri störf í umboði sýslumanns, svo og þau önnur störf, sem nánar kann að vera kveðið á um í lögum eða reglugerðum.

7. gr.

Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns miðað við 1. desember næsta ár á undan. Reiknast launin þannig, að í hreppi með 100 íbúa eða færri eru þau 7500 kr. á ári, í hreppi með 101—150 íbúa 8400 kr., og svo framvegis, þannig að launin hækki um 900 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 1. mgr., ef hann fer með sýslan í kaup-túni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kaup-túni.

Nú leggur hreppstjóri niður sýslan eða deyr, og ber honum eða búi hans þá  $\frac{1}{2}$  árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórastarfi.

Sýslumenn annast greiðslu launanna, og greiðast þau eftir á, 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

8. gr.

Nú verða almennar breytingar á launum starfsmanna ríkisins, og er fjármála-ráðherra þá heimilt að breyta launum hreppstjóra að sama skapi.

9. gr.

Auk hinna föstu launa samkvæmt 7. gr. hafa hreppstjórar þóknun fyrir ein-stök verk eftir því sem nánar segir í lögum og reglugerðum.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari ákvæða um hreppstjóra, störf þeirra og kjör.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá 1. júlí 1964 fer um laun hreppstjóra eftir ákvæðum þessara laga.

Jafnframt eru úr gildi numin lög um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., nr. 85 11. júní 1938, 1., 7.—9., 12. og 13. gr., sbr. lög nr. 57 7. maí 1940 og lög nr. 75 5. júní 1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi löggjöf hefur skort heildarákvæði um störf hreppstjóra. Aðalákvæði um hreppstjóra er að finna í reglugerð fyrir hreppstjóra frá 29. apríl 1880, en sú reglugerð er af augljósum ástæðum orðin mjög úrelt. Hér og þar í lögum er að finna ákvæði um einstök störf hreppstjóra, en almenn ákvæði um hreppstjóra eru engin. Hefur þetta valdið óþægindum við skipulagningu starfa hreppstjóra. Því hefur orðið að ráði, að samið yrði frumvarp til laga um hreppstjóra. Í frumvarp þetta eru tekin helztu meginatriði, sem gilda skulu um hreppstjóra. Til útfyllingar og frekari leiðbeiningar er svo gert ráð fyrir því, að sett verði ný reglugerð um hreppstjóra, störf þeirra og kjör. Jafnframt hefur þótt rétt að endurskoða ákvæði laga frá 1938 um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., en laun hreppstjóra hafa dregið verulega afturúr á síðustu árum. Er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu, að þetta sé lagfært.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að hreppstjóri sé einn í hverjum hreppi. Er það í sam-ræmi við þær reglur, sem farið hefur verið eftir. Í hreppstjórarreglugerðinni frá 1880 er þó gert ráð fyrir því, að hreppstjórar geti verið fleiri en einn í hreppi, en það tíðkast eigi lengur.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við þær meginreglur, sem nú er farið eftir. Til að taka af tvímæli er sett ákvæði um það, að skylt sé að viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er óskað.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða hin almennu skilyrði til skipunar í hreppstjórastarf, og þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Hér segir hversu leysa skuli hreppstjóra frá starfi. Starf hreppstjóra er í eðli sínu aukastarf, og gilda því ekki um hreppstjóra reglur um aldurshámark opinberra starfsmanna. Þó verður að telja, að störf þeirra séu það þýðingarmikil, að til athugunar komi að ákveða aldurshámark fyrir hreppstjóra. Áður en af slíku getur orðið þarf þó að kanna betur vilja þeirra, sem gerzt geta um þetta borið, sýslunefndanna, og er þess vegna gert ráð fyrir því, að í reglugerð verði kveðið á um þetta efni, að fenginni umsögn sýslunefnda þar um. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Rétt hefur þótt að setja ákvæði um setningu hreppstjóra, bæði þegar starf losnar og einnig þegar setja þarf menn vegna fjarveru hreppstjóra eða annarra orsaka, t. d. vegna vanhæfisreglna.

Um 6. gr.

Störf hreppstjóra eru margs konar. Fyrst og fremst annast þeir ýmis störf fyrir sýslumenn, og í umboði þeirra. eru ákvæði um það, hver störf hreppstjóri fer með, í ýmsum lögum. Sem dæmi má nefna, að hreppstjórar fara með lögregluvald, annast ýmsar fógetagerðir, uppskriftir búa og halda uppboð. Hreppstjórar eru og úttektarmenn, þeir standa fyrir utankjörfundarkosningu, og eru oddvitar undirkjörstjórna. Jafnframt annast hreppstjórar fjölmörg önnur störf, sem varða héraðsmálefni almennt. Ekki þykir ástæða til að setja í frumvarpið tæmandi upptalningu á því, hver störf hreppstjórar fari með. Verður um það efni að vísa til gildandi laga og reglugerða hverju sinni. Í 10. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir því, að sett verði reglugerð um hreppstjóra, og í þeirri reglugerð yrði gerð frekari grein fyrir því, hver störf hreppstjóra skuli vera.

Um 7. gr.

Laun hreppstjóra fyrir fardagaárið 1963—1964 voru 5778 kr. fyrir hreppstjórastarf í hreppi með 100 íbúa eða færri, en hækkuðu um 693 kr. fyrir hverja byrjaða 50 íbúa. Fram á síðasta ár voru launin hækkuð í samræmi við almennar launabreytingar ríkisstarfsmanna, en eftir að launaákvæði kjaradóms komu til framkvæmda hafa launin verið hækkuð um 15% til bráðabirgða. Vegna launahækkana opinberra starfsmanna á s. l. ári, hefur þótt rétt að endurskoða laun hreppstjóra, og er hér lagt til, að lægstu launin hækki í 7500 kr., en hækkun vegna hverra 50 íbúa verði 900 kr. Gert er ráð fyrir því, að launin miðist við íbúatölu hrepps 1. desember árið á undan.

Haldið er ákvæði um heimild til þess að hækka laun hreppstjóra í kauptúna-hreppum með yfir 400 íbúa, ef sýslumaður hefur eigi búsetu þar.

Þá er gert ráð fyrir því, að laun hreppstjóra greiðist misserislega eftir á miðað við almanaksár í stað þess að nú eru þau greidd einu sinni á ári miðað við fardagaár.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að fjármálaráðherra fái heimild til að breyta launum hreppstjóra til samræmis við almennar breytingar á launum ríkisstarfsmanna, þannig að eigi þurfi lagabreytingu í hvert sinn, sem laun ríkisstarfsmanna breytast.

Um 9. gr.

Hreppstjórar hafa löngum tekið sérstakar greiðslur fyrir einstök verk, og eru ákvæði um þær greiðslur í ýmsum lögum og reglugerðum. Er gert ráð fyrir því, að sérákvæði þessi haldist.

Um 10. gr.

Eigi þykir unnt að setja í lög tæmandi ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör. Er þess vegna gert ráð fyrir því, að sett verði reglugerð, þar sem nánar verði kveðið á um þessi efni.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að lög nr. 85 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., falli úr gildi. Til skýringar skal tekið fram, að ákvæði er svara til 8. og 9. gr. þeirra laga, eru nú í lögum um meðferð einkamála í héraði og lögum um meðferð opinberra mála. Að því er varðar 4.—6. gr. laganna er þess að geta, að samhliða þessu frumvarpi eru flutt tvö önnur frumvörp, um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 1936, og um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl., nr. 3 1878, og koma ákvæði þessara frumvarpa í stað þeirra greina.